



26. stjórnarfundur LH
15. mars 2022 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson, Hákon Hákonarson, Einar Gíslason, Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Forföll boðuðu: Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Lilja Björk Reynisdóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 25. fundar

2. Kynningarmyndband um gæðingakeppni – beiðni um styrk

Útbreiðsluhópur um gæðingakeppni vinnur að útgáfu kynningarmyndbands um gæðingakeppni til dreifingar á netmiðlum. Caroline Jensen hefur tekið að sér verkið og kostnaðurinn við myndbandið er kr. 200.000. Óskað er eftir styrk frá LH fyrir gerð þessa myndbands.

Vísað er til samþykktar á 17. stjórnarfundum LH dags. 23. janúar 2020, en þá var veitt vilýrði fyrir styrk til að gera kynningarmyndband um gæðingakeppni, en styrkurinn hefur ekki verið innheimtur.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Fimmgangur ungmenna á Íslandsmóti 2021 - Erindi frá Hákonu Dan Ólafssyni

Á Íslandsmóti 2021 varð það atvik í fimmgangi ungmenna að skeifa fór undan hesti í þriðja skeiðspretti en fyrir átti parið tvo gilda spretti. Dómarar dæmdu sýninguna gilda og parið varð sigurvegari í greinni og krýndur Íslandsmeistari. Keppnisnefnd LH óskaði eftir túlkun sportnefndar FEIF á reglum um skeifnamissi og barst svar frá formanni nefndarinnar 23. febrúar sl. á þá leið að skeið er samkvæmt skilgreiningu einn sýningarhluti af fimm í F1 og töpuð skeifa í einhverjum þriggja spretta í úrslitum hefði átt að valda því að viðkomandi átti að fá 0 fyrir þann sýningarhluta.

Keppandi sem varð í 2. sæti í fimmgangi ungmenna á Íslandsmóti 2021 fer fram á að LH tilkynni sig sem réttmætan Íslandsmeistara í fimmgangi ungmenna 2021.

Samkvæmt mótaskýrslu Íslandsmóts 2021 bárust engar kærur vegna umrædds atviks í F1 í ungmennaflokki, en kæra þarf að berast innan tiltekins tímamarka, sjá grein 2.7.3. í lögum og reglum LH.

Afgreiðsla: Samþykkt að leita álits laganefndar hvort stjórn LH hafi heimild til að hlutast til um úrslit móta.



4. Túlkun á gr. 7.7.2 - svar laganefndar við fyrirspurn GDLH

Gr. 7.7.2 er svohljóðandi „keppandi í barna- unglunga og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur“.

Er óskað eftir álitni laganefndar á því hvernig túlka beri þessa reglu þegar á sama móti er keppt í hvoru tveggja gæðingakeppni og íþróttakeppni.

Álit laganefndar samandregið:

Við skýringu á beitingu gr. 7.7.2 telur laganefnd nærtækast að líta til orðalags ákvæðisins, sem er afdráttarlaust um það, að ekki megi mæta með hest í barna-, unglunga, eða ungmennaflokk sem tekur þátt í öðrum keppnisgreinum á sama móti, nema viðkomandi barn, unglingur eða ungmenni sýni hestinn sjálfur í þeim keppnisgreinum.

Orðalag ákvæðisins gerir þannig ekki greinarmun á því í hvaða flokkum kann að vera keppt í á viðkomandi móti, um eitt mót sé að ræða eftir sem áður, þó svo að þeir flokkar sem keppt er í á mótinu geti fallið undir annarsvegar reglur og gæðingakeppni og hinsvegar reglur um íþróttakeppni.

Eins skiptir ekki máli hvort mót er auglýst sem gæðingamót (líkt og mótið á Flúðum) og keppt í hvoru tveggja gæðinga- og íþróttakeppni, eða hvort það er auglýst sem íþróttamót og keppt í hvoru tveggja gæðinga- og íþróttakeppni. Í báðum tilvikum er um eitt mót að ræða í skilningi laganefndar.

Afgreiðsla: Til bókungar

6. Boð á seinni hluta FEIF – þings – Delegates Assembly 30. apríl til 1. maí

Þingið hefst á laugardag 30. apríl kl. 9.00 og lýkur á sunnudag 1. maí kl. 12.00. Skráningarfrestur er 28. mars.

Afgreiðsla: Samþykkt að Guðni formaður, Berglind framkvæmdastjóri, Einar formaður keppnisnefndar og Sóley stjórnarmaður sæki þingið f.h. LH.

7. Öflun upplýsinga úr sakaskrá

Í íþróttalögum og æskulýðslögum kemur fram að það er óheimilt að ráða til starfa aðila sem hafa hlotið dóm gegn ávana- og fíkniefnalögum síðastliðin fimm ár eða dóm gegn kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga. Í sömu lögum er þessum félögum veitt heimild til þess að leita upplýsinga í sakaskrá þeirra sem félögin mynda ráðningarsamband við sem og sjálfboðaliða sem sinna börnum og ungmennum. Þar er átt við alla starfsmenn sem félagið er með ráðningarsamband við og koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins. Það sama gildir um sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum.

Afgreiðsla: Samþykkt að beina því til aðildarféлага LH að fá alla starfsmenn og sjálfboðaliða til að undirrita heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins hvort viðkomandi hefur hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Samþykkt að LH fái undirritun



Þessar heimildar hjá starfsmönnum, stjórnarmönnum og nefndafólki ásamt landliðsfólki. Vekja þarf athygli aðildarféлага LH á viðauka 9 í lögum LH sem kveður á um tilkynningaskyldu hafi dómur fallið vegna ofbeldisbrota.

8. Kappreiðaskeið í gegnum höll – keppnisgrein á mótaröðum

Sumar mótaraðir eru með á dagskrá kappreiðaskeið í gegnum höll og allnokkur pressa sett á knapana að taka þátt í henni. Nokkur áhætta fylgir því að hleypa á skeiði í gegnum höll og mörg dæmi um að slys hafi hlotist af.

Afgreiðsla: Samþykkt að beina þeim tilmælum til mótshaldara að halda kappreiðaskeið utanhúss þar sem hægt er að koma því við. Ef kappreiðar eru haldnar innan húss verði tryggt að aðstæður séu í samræmi við lög og reglur LH, niðurhægingarkafli sé nægilega langur og flóttaleið sé greið. Mótshöldurum er bent á að þeir geti leitað álits og ráðgjafar hjá mannvirkjanefnd LH sem hefur það hlutverk að taka út keppnissvæði meðal annars m.t.t. öryggis keppenda.

9. Önnur mál

a. Formaður reiðaveganefndar greindi frá fundi með Vegagerðinni. Undanfarin ár hefur VG haldið 10 millj. af reiðvegafé LH fyrir sérstök verkefni sem hægt er að sækja um, féð hefur ekki alltaf nýst að fullu og verið skilað aftur til ríkisins. Vegagerðin hefur samþykkt að LH fái þessar 10 milljónir til úthlutunar eins og annað reiðvegafé.

Á síðasta ári voru 7 milljónir eftir af þessum 10 og VG hefur fallist á að LH fái þær til úthlutunar á þessu ári. 132 milljónir eru því alls til úthlutunar á þessu ári.

Drög að nýju samkomulagi milli VG og LH verður sent stjórn til yfirlestrar og stefnt er á undirritun í byrjun apríl.

b. Aðalfundur Hestamannafélagsins Jökuls

Formaður og gjaldkeri sóttu fundinn f.h. LH og afhentu félaginu brokkspírur að gjöf sem mun nýtast vel í æskulýðsstarfi félagsins. Mikill kraftur er í nýja félaginu og er þetta 8. stærsta hestamannfélag landsins.

d. Horses of Iceland – fjármögnun tryggð til þriggja ára

Samningur verður undirritaður í hléi á móti Meistaradeildar í gæðingafimi á föstudag af fulltrúa ráðuneytis, Félags Hrossabænda og LH. Á fundi verkefnastjórnar í sl. viku var farið yfir verkefni framundan. LH lagði fram beiðni til HOI um 1 millj. kr styrk til verkefnisins Hundrað hestamenn heimsóttir og einnig beiðni um áframhaldandi samstarf HOI og LH um öryggismyndband Samgöngustofu og fjárhagslegan stuðning við dreifingu á myndbandinu. Hvort tveggja fékkst samþykkt.

e. Jelena Ohm hefur tekið sæti í menntanefnd LH.

f. LH-félagi ársins – tilnefningar bárust frá 11 hestamannafélögum.

Einar vikur af fundi.

f. 100 ára afmæli Hestamannafélagsins Fáks



Afmælishátið Fáks verður haldin 26. apríl nk. Formanni og framkvæmdastjóra falið að finna veglega gjöf frá LH.

Fundi slitið kl. 21.35